



LANDMÆLINGAR
ÍSLANDS

VÍSA VEGINN

Stefnumótun
Landmælinga Íslands
2011-2015



Efnisyfirlit

FYLGT ÚR HLAÐI	4
UMHVERFISMÁL	5
NOTENDUR	5
MÁRKMIÐ OG HLUTVERK	6
SKIPURIT LANDMÆLINGA ÍSLANDS FRÁ 1. JANÚÁR 2011	6
FRAMTÍÐARSÝN	7
GILDI	7
MÁLAFLOKKAR	8
HÆÐAR- OG LANDSHNITAKERFI	8
FJARKÖNNUN	9
LANDUPPLÝSINGAVINNSLA	9
GRUNNGERÐ LANDUPPLÝSINGA	10
MÍÐLUN	11
MANNAUÐUR	12
STJÓRNSÝSLA OG FJÁRMÁL	13
UPPLÝSINGATÆKNI	13
GÆÐAMÁL	13
ÁÐFERÐAFRÆÐI VIÐ STEFNUMÓTUN	14
VIÐAUKI 1. LÖG UM LANDMÆLINGAR OG GRUNNKORTAGERÐ	15
VIÐAUKI 2. FRUMVARP TIL LAGA UM GRUNNGERÐ LANDUPPLÝSINGA	17

Útgefandi: Landmælingar Íslands • www.lmi.is

Umbrot og prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Myndir: Myndsmiðjan Akranesi



VÍSA VEGINN



Fylgt úr hlaði

Landmælingar Íslands eru leiðandi þekkingarstofnun sem hefur það hlutverk að safna, vinna úr, varðveita og miðla landupplýsingum um Ísland. Landupplýsingar eru grundvallargögn hvers samfélags og tryggja aðgang samfélagsins að upplýsingum varðandi umhverfi og náttúru. Landupplýsingar eru einnig mikilvægar til þess að styðja stefnumótun stjórnvalda á ýmsum sviðum s.s. á sviði framkvæmda, skipulagsmála, umhverfismála og vöktunar á náttúruvá.

Mikil breyting hefur orðið á starfsumhverfi Landmælinga Íslands undanfarin ár vegna aukinnar notkunar almennings á landupplýsingum og örrar tækniþróunar á því sviði.

Á árinu 2010 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga sem tekur mið af INSPIRE tilskipun Evrópusambandsins um notkun og miðlun landupplýsinga. Í frumvarpinu er m.a. gert ráð fyrir að Landmælingar Íslands hafi forystu um innleiðingu INSPIRE hér á landi og miðast eftirfarandi stefnumótun við þær breytingar. Þá er einnig horft til ýmissa innri og ytri aðstæðna sem hafa breyst í samfélaginu auk mögulegra úrbótaverkefna sem nú er verið að vinna að í íslenskri stjórnsýslu.

Allir starfsmenn Landmælinga Íslands tóku þátt í mótun nýrrar stefnu og markmiða fyrir árin 2011–2015. Vinnuna leiddi fjögurra manna stýrihópur sem í voru auk undirritaðs, Jensína Valdimarsdóttir starfsmannastjóri, Eydís Líndal Finnbogadóttir forstöðumaður landupplýsingasviðs og Eypór Ívar Jónsson ráðgjafi og sérfræðingur í stefnumótun. Aðkoma allra starfsmanna leiddi til mjög gagnlegra skoðanaskipta um tækifæri og ógnanir í starfseminni auk þess sem mikil áhersla var lögð á nýsköpun og samvinnu.

*Magnús Guðmundsson
forstjóri*

Umhverfismál

Landmælingar Íslands leggja sig fram við að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum og taka mið af víðtækri vernd umhverfisins. Unnið er eftir umhverfisstefnu þar sem lögð er áhersla á vistvæn innkaup og að bæta nýtingu hvers kyns aðfanga sem notuð eru í starfseminni. Landmælingar Íslands vinna að samræmingu og samnýtingu opinberra landupplýsinga m.a. við verkefni er lúta að vöktun umhverfisins.



Notendur

Notendur gagna og þjónustu Landmælinga Íslands eru stofnuninni mikilvægir og leggja starfsmenn sig fram við að veita þeim góða og skilvirka þjónustu. Stofnunin leggur áherslu á sem víðtækustu og fjölbreytilegustu notkun gagna s.s. á sviði skipulags- og umhverfismála, vegna öryggismála eða til miðlunar s.s. á vefnum, á kortum eða í leiðsögutækjum. Landmælingar Íslands laga starfsemi sína stöðugt að kröfum notenda og leiðbeina um hagnýta, framsækna og fjölbreytta nýtingu gagna og upplýsinga.



Markmið og hlutverk


Landmælingar Íslands starfa samkvæmt lögum um landmælingar og grunnkortagerð nr. 103/2006. Markmiðið með starfseminni er að *tryggja að ávallt séu til aðgengilegar og áreiðanlegar staðfræðilegar og landfræðilegar grunnupplýsingar um Ísland.*

Meginhlutverk Landmælinga Íslands eru eftirfarandi:

- Vera umhverfisráðuneytinu til ráðuneytis á fagsviðum stofnunarinnar.
- Uppbygging og viðhald landshnita- og hæðarkerfis.
- Gerð, viðhald og miðlun á stafrænum þekjum í mælikvarða 1:50 000.
- Skráning og miðlun upplýsinga um landfræðileg gagnasöfn.
- Gerð og notkun staðla á sviði landupplýsinga.
- Veita aðgang að gögnum sem stofnunin varðveitir.
- Eiga faglegt samstarf við háskóla, stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og alþjóðleg samtök.

Auk framangreindra atriða hafa Landmælingar Íslands fengið það viðbótarhlutverk að *hafa umsjón með uppbyggingu, framkvæmd og eftirfylgni við grunngerð landupplýsinga á Íslandi í náinni samvinnu við umhverfisráðuneytið.*

Skipurit Landmælinga Íslands frá 1. janúar 2011



Framtíðarsýn

Landmælingar Íslands hafa forystuhlutverk og stuðla að samvinnu við að tryggja tilvist og aðgengi að traustum landupplýsingum um Ísland og stuðla að notkun þeirra á fjölbreyttan og hagkvæman hátt, ekki síst í þágu umhverfismála.

Landmælingar Íslands eru framsækin þekkingarstofnun í stöðugri þróun, þar sem nákvæmni, notagildi og nýsköpun eru grundvöllur starfseminnar.



Gildi

Nákvæmni: Við vöndum vinnubrögð og öflum okkur sífellt nýrrar þekkingar. Við notum nýjustu tækni til að gögn og upplýsingar sem koma frá Landmælingum Íslands séu áreiðanlegar og öruggar fyrir notendur.

Notagildi: Við gætum þess að gögn og upplýsingar samræmist kröfum samfélagsins um notagildi. Við leggjum áherslu á öflugt samstarf, upplýsingagjöf og gott aðgengi að gögnum.

Nýsköpun: Við sýnum frumkvæði og sveigjanleika og leitum sífellt nýrra leiða við að auka virði og notagildi gagna, ferla og samstarfs. Við nýtum okkur innlent og erlent samstarf til að leita nýrra tækifæra og þekkingar.



Málaflokkar

Hæðar- og landshnitakerfi

Hæðar- og landshnitakerfi fyrir Ísland eru á meðal grundvallarkerfa samfélagsins. Þau eru notuð við nákvæmar staðarákvarðanir og landmælingar m.a. í tengslum við rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands, við verklegar framkvæmdir, við gerð skipulags og í tengslum við ferðamennsku. Landmælingar Íslands viðhalda og tryggja með starfi sínu sem besta nákvæmni í hnita- og hæðarkerfi fyrir fjölbreyttar þarfir samfélagsins. Verkefnið krefst samfelldrar vöktunar og reglulegra endurmælinga kerfanna vegna tíðra jarðskorpuhreyfinga. Fastar siritandi GPS-jarðstöðvar eru mikilvægur hlekkur í vöktun á hnita- og hæðarkerfinu en með þeim er einnig hægt að veita samfélaginu gjaldfrjálsan aðgang að leiðréttingarmerkjum þar sem þörf er á mjög nákvæmum staðarákvörðunum.

Áherslur:

- að halda áfram uppbyggingu og viðhaldi á föstum siritandi GPS - jarðstöðvum m.a. til að vakta hnitakerfi landsins og til að miðla leiðréttingarmerkjum;
- að halda áfram hallamælingum til að styrkja samræmt hæðarkerfi landsins;
- að stuðla að samvinnu þeirra sem vinna að landmælingum á Íslandi til að tryggja sem best samræmd vinnubrögð, góða nýtingu opinberra fjármuna og nýsköpun á þessu sviði;
- að vera leiðandi og stunda fræðslu um landmælingar og sýna fram á notagildi samræmds hæðar- og landshnitakerfis fyrir samfélagið;
- að taka þátt í alþjóðlegum landmælingaverkefnum;
- að nýta kosti innlands og erlends samstarfs við rannsóknir og til að auka notagildi landmælinga.

Fjarkönnun

Fjarkönnun er könnun eða mæling á yfirborði jarðar úr fjarlægð t.d. úr flugvél eða gervitungli. Landmælingar Íslands afla fjarkönnunargagna sem eru notuð í margvíslegum verkefnum s.s. við endurskoðun korta- og landupplýsingagrunna og við vöktun umhverfisins. Stofnunin leitast við að afla fjarkönnunargagna í samstarfi við aðra opinbera aðila til að ná sem mestri hagkvæmni. Einnig vinnur stofnunin að þróun og kynningu á nýjum aðferðum við úrvinnslu og notkun gagnanna.

Áherslur:

- að vera leiðandi í öflun og úrvinnslu fjarkönnunargagna, einkum í samstarfi við háskóla, stofnanir og sveitarfélög;
- að nýta fjarkönnun til að endurskoða landupplýsingagrunna;
- að vinna að nýsköpun og rannsóknarverkefnum á sviði fjarkönnunar;
- að kynna notagildi fjarkönnunargagna;
- að nýta kosti erlends og innlends samstarfs til að afla og miðla þekkingu um fjarkönnun.

Landupplýsingavinnsla

Landupplýsingar eru margskonar gögn og upplýsingar um umhverfið, náttúrulegt eða manngert. Megineinkenni þessara gagna er að þau eru staðsett með hnitum eða auðkenni t.d. heimilisfangi. Landmælingar Íslands tryggja að ávallt sé til aðgengilegur traustur landupplýsingagrunnur af öllu Íslandi. Stöðugt er unnið að því í samstarfi við aðra að endurskoða og bæta gæði stafrænna landupplýsingagrunna af öllu landinu en þeir nýtast í margvísleg verkefni s.s. kortagerð og upplýsingamiðlun til samfélagsins.

Áherslur:

- að afla reglulega nýrra gagna um örnefni, samgöngur, hæðarlínur, vatnafar, mannvirki, stjórnsýslumörk og landnotkun/landgerðir;
- að vera í fararbroddi við miðlun landupplýsinga um Ísland á alþjóðavettvangi;
- að afla stöðugt nýrra upplýsinga til að bæta og endurskoða landupplýsingagrunna stofnunarinnar með hagkvæmum hætti;
- að vinna með stjórnvöldum að notkun og birtingu landupplýsinga vegna notkunar og ákvarðanatöku hins opinbera;
- að nýta kosti erlends og innlends samstarfs til að afla og miðla gögnum og þekkingu á sviði landupplýsingavinnslu;
- að hafa frumkvæði að og taka þátt í verkefnum við að þróa nýjar aðferðir og lausnir með notkun landupplýsinga.



Grunngerð landupplýsinga

Grunngerð landupplýsinga nær til heildarskipulags landupplýsinga á Íslandi með því að samræma og samnýta gögn og tryggja gott aðgengi að þeim. INSPIRE tilskipun Evrópusambandsins, sem byggir á grunngerð landupplýsinga, verður innleidd hér á landi undir forystu Landmælinga Íslands. Samstarf við opinberar stofnanir og sveitarfélög og sýnilegt forystuhlutverk skipta miklu máli til að góður árangur náist.

Áherslur:

- að sjá um innleiðingu INSPIRE tilskipunarinnar á Íslandi;
- að stuðla að skráningu og miðlun lýsigagna um opinberar landupplýsingar af Íslandi;
- að efla samstarf og miðlun landupplýsinga til opinberra aðila;
- að vinna að því með stjórnvöldum að komið verði í veg fyrir tvíverknað við öflun, úrvinnslu og miðlun landupplýsinga á Íslandi;
- að vinna að leiðbeiningum og fræðslu vegna grunngerðar landupplýsinga;
- að taka þátt í starfi stjórnvalda við stefnumótun;
- að taka þátt í innlendu og erlendu samstarfi vegna grunngerðar landupplýsinga.



Miðlun

Landmælingar Íslands hafa sterka og trausta ímynd í samfélaginu sem byggist ekki síst á öflugri og nútímalegri upplýsingamiðlun. Til að tryggja opna og gegnsæja stjórnýslu eru skjöl og upplýsingar vel skráð og þeim miðlað eftir þörfum. Einnig er tryggt aðgengi að nýjum og eldri gögnum um Ísland og að þeim sé miðlað með fjölbreyttum hætti að teknu tilliti til hagsmuna ríkisins á sviði höfunda- og afnotaréttar.

Áherslur:

- að kynna starfsemi Landmælinga Íslands með framsæknum og skipulögðum hætti;
- að reka lifandi vef með upplýsingum um gögn, fjárhag, verkefni og þjónustu auk margvíslegs fræðandi efnis;
- að miðla gögnum og veita notendum ávallt góða þjónustu;
- að veita aðgang að korta- og loftmyndasafni stofnunarinnar;
- að skjalavarsla sé til fyrirmyndar og í samræmi við kröfur hverju sinni;
- að nýta kosti innlands og erlends samstarfs á sviði miðlunar og þjónustu.

Mannauður

Landmælingar Íslands eru þekkingarstofnun þar sem starfsemin byggist á góðum og hæfum starfsmönnum með einarðan vilja til að ná árangri bæði sem einstaklingar og í hópavinnu. Stofnunin er fjölskylduvænn vinnustaður með hvetjandi starfsumhverfi þar sem metnaður, samstarf og liðsheild ráða ríkjum. Starfsmenn vinna eftir skýrum gildum til að ná markmiðum stofnunarinnar.

Áherslur:

- að mannaútsjórnun sé fagleg og að jákvæðni, sveigjanleiki og ábyrgð séu höfð að leiðarljósi;
- að þekkingaruppbygging og þróun í starfi sé stöðug;
- að starfsmanna- og jafnréttisstefna sé virk;
- að trúnaður og virðing sé ríkjandi í öllum samskiptum;
- að upplýsingamiðlun og endurgjöf sé stöðug;
- að tryggja starfsmönnum heilbrigð og örugg starfsskilyrði;
- að hvatt sé til heilbrigðs lífneris og góðs félagsanda.



Stjórnsýsla og fjármál

Traust, trúnaður og öguð stjórn fjármála hjá Landmælingum Íslands ásamt góðri samvinnu við umhverfisráðuneytið og aðra sem fjalla um fjármál ríkisins eru grundvöllur góðs árangurs í rekstri stofnunarinnar. Lögð er áhersla á að stofnunin sé í fararbroddi íslenskrar stjórnsýslu og að vandað sé til áætlanagerðar.

Áherslur:

- að tryggja góð tengsl og upplýsingamiðlun milli stofnunar og umhverfisráðuneytisins;
- að rekstur sé ávallt í samræmi við fjárheimildir;
- að áætlanir um fjármál og verkefni séu vandaðar og skýrar og þeim sé reglulega fylgt eftir af ábyrgð til að meta árangur og frávik;
- að tryggja gagnsæi starfseminnar.

Upplýsingatækni

Landmælingar Íslands búa yfir góðri þekkingu og þurfa að vera í fararbroddi á sviði upplýsingatækni og þróunar tæknilausna vegna fjölbreytilegra verkefna og samvinnu jafnt innanlands sem utan. Mikilvægt er að rekstur tölvu- og upplýsingakerfa sé hagkvæmur og öruggur og þjóni þörfum starfseminnar.

Áherslur:

- að reka öflugt og hagkvæmt tölvu- og upplýsingakerfi og tryggja öryggi upplýsinga og gagna;
- að veita aðstoð við notendur tölvu- og upplýsingakerfa;
- að vinna stöðugt að því að viðhalda tæknilegri getu og þróa nýjar skapandi lausnir.

Gæðamál

Mikilvæg forsenda fyrir árangri er að unnið sé í samræmi við staðla og almenna gæðastjórnun. Skjöl og gögn eru skipulega skráð og gerð aðgengileg þeim sem á þurfa að halda.

Áherslur:


- að vinna í samræmi við alþjóðlega og sértæka staðla um gæðastjórnun;
- að skrá verkferla skipulega í gæðahandbók;
- að vinna stöðugt að því að innleiða og viðhalda gæðahugsun.

Aðferðafræði við stefnumótun

Á haustmánuðum 2010 var unnið að stefnumótun Landmælinga Íslands fyrir tímabilið 2011–2015. Unnið var út frá nokkrum ólíkum kenningum innan stefnumótunarfræðanna og lögð áhersla á að virkja allt starfsfólkið til þátttöku. Aðferðafræðin byggðist á að brjóta ferlið niður í fjóra meginþætti: Innri greiningu, ytri greiningu, möguleikagreiningu og stefnumótandi greiningu. Markmiðið var að fá mynd af því hvernig stofnun Landmælingar Íslands eru, hvers konar stofnun hún gæti verið og hvernig hún ætti að vera.

Stefnumótunarþættirnir voru unnir í fjórum mismunandi lotum. Haldnar voru þrjár vinnustofur með starfsmönnum þar sem gerð var innri greining, ytri greining og möguleikagreining á starfseminni. Allar vinnustofurnar voru skipulagðar með það að leiðarljósi að draga fram ólík sjónarmið.

Við innri greiningu var stuðst við greiningarlíkan þar sem meðal annars voru greindar auðlindir, tekjur og útgjöld, hæfni, ferlar og notendur. Niðurstaðan var skýr heildarmynd af starfsemi Landmælinga Íslands á þeim tímamarki.



Við ytri greininguna var byggt á PEST greiningu (Pólitik, Efnahagur, Samfélag og Tækni) til að skoða áhrif ytra umhverfis á Landmælingar Íslands og tækifæri og ógnanir sem í þeim felast.

Við möguleikagreininguna var markmiðið að meta hvernig Landmælingar Íslands gætu verið í framtíðinni. Mikil áhersla var lögð á hugmyndaflug starfsmanna og ýtt var undir góða og frjóa hugsun með það að markmiði að þeir færu út fyrir hinn hefðbundna ramma starfseminnar.

Fjórði og síðasti þátturinn í stefnumótunarferlinu var að draga saman niðurstöður í stefnumótunarskjal. Stefnumótunarskjalið var að lokum kynnt umhverfisráðherra áður en það var endanlega gefið út í byrjun desember 2010.



Viðauki 1

Lög um landmælingar og grunnkortagerð nr. 103/2006

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja að ávallt séu til staðfræðilegar og landfræðilegar grunnupplýsingar um Ísland.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinnna orða og orðasambanda sem hér segir:

Grunnkort: Staðfræðileg kortagögn sem notuð eru sem undirlag fyrir þau þemagögn sem unnið er með hverju sinni, svo sem upplýsingar um gróður, skipulag eða jarðfræði. Grunnkort eru í flestum tilfellum stafræn gögn sem hægt er að nota í landfræðilegum upplýsingakerfum. Grunnkort má einnig nota til að vinna afleidd kort til útgáfu, t.d. ferðakort og göngukort.

Hæðarkerfi: Net eða kerfi fastra hæðarmælipunkta, t.d. málmbolta, á yfirborði jarðar.

Landfræðileg gagnasöfn: Söfn landupplýsinga sem yfirleitt eru geymd flokkuð á tölvutæku formi og hægt er að setja fram með margs konar hætti á korti. Gögn eða upplýsingar í landfræðilegum gagnasöfnum eru flokkaðar eftir gerð í mismunandi þekjur.

Landshnitakerfi: Hnitakerfi með viðmiðun sem nær til alls landsins og samanstendur af mælistöðvum á yfirborði jarðar, t.d. málmboltum.

Landupplýsingar: Hvers kyns hnitsettar upplýsingar um fyrirbæri í umhverfinu, bæði náttúruleg og manngerð.

Viðmiðun: Kennistærðir sem lýsa legu, stefnu og kvarða landshnitakerfisins á jörðinni.

Þekja: Ákveðin gerð eða flokkur landupplýsinga sem mynda eina heild í landfræðilegu gagnasafni, t.d. vegapækja eða vatnafarspækja.

Örnefni: Nafn, orð eða orðasamband, á landfræðilegum punkti, línu eða svæði sem hægt er að setja á landakort og vísar til eins ákveðins staðar innan ákveðins samfélags; lands, héraðs, sveitabæjar, þéttbýlisstaðar, húss, götu, torgs, vegar, fjalls, dals, stöðuvatns, fjarðar, hafsvæðis, skers, miðs o.s.frv.

3. gr.

Landmælingar Íslands.

Landmælingar Íslands eru ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfisráðherra. Aðsetur Landmælinga Íslands er á Akranesi. Hlutverk stofnunarinnar er að vinna að verkefnum sem tilgreind eru í 4. gr. Ráðherra skipar forstjóra Landmælinga Íslands til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og reynslu af stjórnun. Forstjóri með stjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri hennar. Forstjóri æður starfsmenn stofnunarinnar.

4. gr.

Verkefni Landmælinga Íslands.

Verkefni Landmælinga Íslands samkvæmt lögum þessum eru:

1. Að vera umhverfisráðuneytinu til ráðuneytis á fagsviðum sem stofnunin starfar á samkvæmt lögum þessum og varðandi stefnumótun á sviði landmælinga og opinberrar grunnkortagerðar.
2. Uppbygging og viðhald viðmiðana og aðgengilegs landshnitakerfis og hæðarkerfis fyrir allt Ísland.
3. Að hafa frumkvæði að gerð og notkun staðla á sviði landupplýsinga.
4. Gerð, viðhald og miðlun á eftirtöldum stafrænum þekjum í mælikvarðanum 1:50.000 og miðlun þeirra í minni mælikvarða:
 - a. Vatnafar.
 - b. Yfirborð.
 - c. Vegir og samgöngur.
 - d. Örnefni, í samráði við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

- e. Stjórnsýslumörk.
 - f. Mannvirki.
 - g. Hæðarlínur og hæðarpunktar.
5. Að veita aðgang að gögnum sem stofnunin varðveitir í gagnasöfnum sínum, sbr. 6. gr.
 6. Skráning og miðlun upplýsinga um landfræðileg gagnasöfn af Íslandi.
 7. Að eiga faglegt samstarf við háskóla, stofnanir, fyrirtæki og alþjóðleg samtök í samræmi við verkefni stofnunarinnar.

5. gr.

Höfundaréttur.

Ríkið er eigandi að öllum réttindum sem Landmælingar Íslands hafa öðlast. Stofnunin gætir hagsmuna ríkisins á sviði höfunda- og afnotaréttar á öllu því efni sem hún hefur eignast, unnið eða gefið út í sambandi við mælingar, kort eða myndir af Íslandi. Um höfundarétt gilda að öðru leyti höfundalög, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

6. gr.

Miðlun upplýsinga og afnotaréttur.

Landmælingar Íslands miðla upplýsingum og veita aðgang að gögnum sem eru í vörslu stofnunarinnar við gildistöku laga þessara auk þeirra gagna sem falla undir 2., 4. og 6. tölul. 4. gr., enda brjóti afhending þeirra ekki gegn lögvörndum rétti þriðja aðila. Ef um er að ræða frumgögn sem eiga uppruna utan stofnunar skal samið um frekari dreifingu við upprunaaðila. Heimilt er að veita afnotarétt af öllum upplýsingum á sviði landmælinga og kortagerðar sem getið er í 1. mgr. og eru í vörslu Landmælinga Íslands að því tilskildu að uppruna sé getið og að áreiðanleiki upplýsinga sé tryggður.

7. gr.

Fjármögnun.

Kostnaður við starfrækslu Landmælinga Íslands greiðist af fjárveitingum úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum. Landmælingar Íslands afla sér enn fremur tekna á efturfarandi hátt:

1. Með sölu á afnotum af efni í vörslu stofnunarinnar og framleiðslu sem nýtur höfundaréttar ríkisins, sbr. 5. og 6. gr.
2. Með sölu á sérhæfðri þjónustu við vinnslu og afgreiðslu gagna sem eru í vörslu stofnunarinnar við gildistöku laga þessara auk þeirra gagna sem falla undir 4. tölul. 4. gr.
3. Með þjónustugjöldum fyrir afgreiðslu gagna, svo sem ljósritun eða aðra afritun, fjölföldun og dreifingu. Gjöld skulu ákvörðuð í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir og skal birta hana í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldskrá skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna þannig að mætt sé öllum þeim kostnaði sem af því hlýst.

8. gr.

Skylt er að heimila þá för um landareign og uppsetningu mælingapunkta sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd laga þessara. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki ónæði að þarflausu.

9. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 95/1997, um landmælingar og kortagerð, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir 1. janúar 2007 skal bjóða út lager prentaðra korta og geisladiska Landmælinga Íslands og réttindi honum tengd. Þó skal ekki bjóða út réttindi til korta og tengds hugbúnaðar sem upprunnin eru hjá öðrum aðilum en Landmælingum Íslands nema með leyfi réttihafa.

Samþykkt á Alþingi 3. júní 2006.

Viðauki 2

Frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að byggja upp og viðhalda grunngerð landupplýsinga á vegum stjórnvalda og tryggja aðgengi stjórnvalda og almennings að landupplýsingum á Íslandi.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til stafrænna landupplýsinga sem eru í eigu eða á vegum stjórnvalda og varða íslenskt land, landhelgi og efnabagslögsögu, sbr. 1. og 3. gr. laga um landhelgi, efnabagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979. Í reglugerð sem ráðherra setur skal kveðið nánar á um þá þætti stafrænna landupplýsinga sem lögini taka til. Hvað varðar lögaðila sem falla undir ákvæði b- og c-liðar 3. tölul. 3. gr. taka ákvæði laga þessara einvörðungu til stafrænna landupplýsinga sem verða til eða er aflað í tilefni af hinu opinbera hlutverki eða þjónustu þessara aðila.

Lög þessi hafa ekki áhrif á höfundarétt stjórnvalda að landupplýsingum sem falla undir lögini. Landupplýsingar í eigu annarra aðila en þeirra sem lög þessi taka til falla undir lög þessi hafi eigandi þeirra fengið leyfi til að tengja þær við landupplýsingagátt, sbr. 5. gr., á grundvelli laga þessara.

Séu til mörg samsvarandi eintök af sömu gögnunum ná lögini einungis til upprunalegrar útgáfu gagnanna sem afrit þeirra byggjast á.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinnna orða og orðasambanda sem hér segir:

1. Grunngerð landupplýsinga: Tækni, stefnur, staðlar og mannaudur sem þarf til að afla, vinna úr, varðveita, miðla og auka nýtingu á landupplýsingum.
2. Landupplýsingar: Gögn og upplýsingar sem eru tengd yfirborði jarðar, hvort heldur með hnitum eða auðkenni, t.d. staðfang eða pósthúmer.
3. Stjórnvöld:
 - a. Öll stjórnvöld sem falla undir gildissvið upplýsingalaga.
 - b. Lögaðili sem hefur verið falið opinbert hlutverk eða veitir almenningi opinbera þjónustu sem varðar umhverfið á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða sammings við stjórnvöld sem falla undir a-lið.
 - c. Lögaðili sem gegnir opinberu hlutverki eða veitir opinbera þjónustu sem varðar umhverfið og lýtur stjórn þeirra stjórnvalda sem falla undir a-lið. Lögaðili er talinn lúta opinberri stjórn í þessum skilningi þegar stjórnvöld skv. a-lið tilnefna meira en helming stjórnarmanna í stjórn lögaðilans eða hafa á annan hátt virk yfirráð yfir honum.
4. Lýsigögn: Upplýsingar um gögn og/eða þjónustu eða lýsing einkenna gagnasafna, svo sem innihalds, eiginleika eða ástands.
5. Sambæfni: Hæfni tveggja eða fleiri kerfa eða gagnasafna til samtengdrar vinnslu.
6. Vefþjónusta: Lausn fyrir aðgengi og birtingu landupplýsinga á vefnum.
7. Landupplýsingagátt: Staður á vefnum sem veitir aðgengi að landupplýsingum og þjónustu vegna þeirra.

4. gr.

Lýsigögn.

Stjórnvöld skulu leggja fram lýsigögn fyrir þær landupplýsingar og vefþjónustu sem þau eiga, reka eða varðveita. Uppfæra skal lýsigögnin ef breytingar verða á gögnunum eða ný gögn bætast við.

5. gr.

Landupplýsingagátt.

Landmælingar Íslands skulu starfrækja landupplýsingagátt til að veita aðgengi að landupplýsingum og upplýsingum um þær. Eftirtalin vefþjónusta skal vera aðgengileg öllum í gegnum landupplýsingagáttina:

1. Lýsigagnaþjónusta sem gerir kleift að leita að landupplýsingum og þjónustu vegna þeirra á grundvelli upplýsinga sem felast í lýsigögnum.
2. Skoðunarþjónusta sem að lágmarki gerir mögulegt að skoða gögn, skýringar þeirra og lýsigögn, fara um, þysja inn/út, hliðra eða skara landupplýsingar.
3. Niðurhalsþjónusta sem gerir mögulegt að hala niður afritum landupplýsinga eða fá beinan aðgang að þeim, hvort sem er að öllu leyti eða að hluta.

4. Vörpunarþjónusta sem gerir mögulegt að varpa landupplýsingum til að samhæfni náist, svo sem milli hnitakerfa.
 5. Þjónusta sem gerir mögulegt að virkja ólíka vefþjónustu landupplýsinga.
 Aðgangur að þjónustu skv. 1.–5. tölul. 1. mgr. skal opin allum með þeim takmörkunum á upplýsingarétti sem greinir í 6. gr. laga um upplýsingarétt um umhverfismál.

6. gr.

Skýldur stjórnvalda.

Stjórnvöld sem hafa landupplýsingar í umsjá sinni skulu sjá til þess að gögn og vefþjónusta vegna þeirra séu gerð aðgengileg í gegnum þá landupplýsingagátt sem kveðið er á um í 5. gr.

Séu landupplýsingar og vefþjónusta í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra á grundvelli þeirra skulu stjórnvöld hafa tæknilega getu til að miðla gögnum og tengja þau landupplýsingagátt, sbr. 5. gr. Stjórnvöldum er ekki skylt á grundvelli laga þessara að afla nýrra gagna.

7. gr.

Tenging annarra en stjórnvalda við landupplýsingagátt.

Aðrir en stjórnvöld, sem búa yfir landupplýsingum sem eru í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra á grundvelli þeirra, geta sótt um að fá að tengja landupplýsingar sínar við landupplýsingagátt. Beiðni um slíkt skal send Landmælingum Íslands sem tekur ákvörðun um hvort tenging sé heimil. Jafnframt geta Landmælingar Íslands haft frumkvæði að eða óskað eftir að aðrir aðilar en stjórnvöld tengi gögn sín við landupplýsingagátt.

8. gr.

Sameiginleg notkun gagna.

Stjórnvöld skv. a- og b-lið 3. tölul. 3. gr. skulu veita hvert öðru aðgang að landupplýsingum og vefþjónustu þeim tengdum og gera hvert öðru kleift að skiptast á og nota landupplýsingar og þjónustu í opinberum verkefnum.

Stjórnvöld skulu veita stofnunum Evrópusambandsins og EFTA aðgang að landupplýsingum og þjónustu skv. 5. gr.

9. gr.

Hlutverk Landmælinga Íslands.

Landmælingar Íslands hafa umsjón með framkvæmd laga þessara.

Landmælingar Íslands sjá um rekstur, virkni, viðhald og tæknilega þróun landupplýsingagátta, sbr. 5. gr. Landmælingar Íslands skulu einnig vera stjórnvöldum til ráðgjafar til að skyldum samkvæmt lögum þessum sé fullnægt.

10. gr.

Samræmingarnefnd vegna grunngerðar landupplýsinga.

Umhverfisráðherra skipar samræmingarnefnd vegna grunngerðar landupplýsinga til fimm ára í senn. Nefndin skal skipuð ellefu fulltrúum og skal einn tilnefndur af umhverfisráðuneyti, einn af forsætisráðuneyti, einn af fjármálaráðuneyti, einn af iðnaðarráðuneyti, einn af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, einn af mennta- og menningarmálaráðuneyti, einn af dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, einn af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, einn af Landmælingum Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af samtökum um landupplýsingar á Íslandi (LÍSA). Umhverfisráðherra skipar formann nefndarinnar.

Nefndin skal vera faglegur vettvangur til að móta stefnu í landupplýsingamálum. Nefndin skal einnig vinna aðgerðaáætlun fyrir stjórnvöld til að innleiða grunngerð landupplýsinga á Íslandi. Aðgerðaáætlunin skal vera til fimm ára í senn og skal staðfest af umhverfisráðherra.

11. gr.

Gjaldtaka.

Þjónusta skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. er veitt án endurgjalds. Heimilt er að láta gögn hjá skoðunarþjónustu skv. 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. vera á sniði sem kemur í veg fyrir að þau séu endurnotuð í viðskiptalegum tilgangi.

Heimilt er að innheimta gjald fyrir þjónustu skv. 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 5. gr. Gjöld skulu ákvörðuð í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við að veita þjónustu og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Sé gjald innheimt skal notendum gert kleift að greiða fyrir þjónustuna með rafrænum hætti.

12. gr.

Upplýsingagjöf.

Stjórnvöldum er skylt að veita Landmælingum Íslands þær upplýsingar á grundvelli þessara laga sem ráðherra óskar eftir, þ.m.t. um notkun, útbreiðslu og aðgengi að landupplýsingum.

13. gr.

Reglugerðarheimild.

Umhverfisstjórnsetur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ.m.t. um:

- a. þá þætti landupplýsinga sem lögin skulu ná til, sbr. 2. gr.,
- b. þær upplýsingar sem lýsigögn skulu innihalda og um uppfærslu á þeim, sbr. 4. gr.,
- c. landupplýsingagátt til að veita aðgengi að landupplýsingum og upplýsingum um þær, m.a. um samsetningu leitarþátta, sbr. 5. gr.,
- d. gjaldtöku, sbr. 11. gr.,
- e. upplýsingar sem stjórnvöldum er skylt að veita ráðherra, sbr. 12. gr.

14. gr.

Innleiðing á tilskipun.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB um notkun og miðlun landupplýsinga, sem vísad er til í I. kafla í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnabagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 55/2010 frá 30. apríl 2010.

15. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

16. gr.

Breyting á öðrum lögum.

Við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 103/2006, um landmælingar og grunnkortagerð, bætist nýr tölulíður, svohljóðandi: Að hafa umsjón með uppbyggingu, framkvæmd og eftirfylgni við grunngerð landupplýsinga á Íslandi í samræmi við lög um grunngerð landupplýsinga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Landmælingar Íslands skulu koma á fót landupplýsingagátt, sbr. 5. gr., fyrir 1. júní 2011.





**LANDMÆLINGAR
ÍSLANDS**

Landmælingar Íslands • Stillholti 16-18 • 300 Akranesi
Sími 430 9000 • Myndriti: 430 9090 • lmi@lmi.is • www.lmi.is
National Land Survey of Iceland • Stillholt 16-18
IS-300 Akranes • Iceland • Tel.: (+354) 430 9000
Fax: (+354) 430 9090 • lmi@lmi.is • www.lmi.is